

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Makedóníu.

Hinn 3. maí 2002 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu sem gerður var í Zürich 19. júní 2000. Samningurinn öðlast gildi 1. ágúst 2002.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að honum. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. maí 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

31. maí 2002

Nr. 26

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum.

Hinn 8. maí 2002 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytingar á samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 18. desember 1979 sem gerð var í New York 22. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1985, þar sem samningurinn er birtur, og 4/2001. Tilkynt verður um gildistöku breytingarinnar síðar.

Breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. maí 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

BREYTING

á samningi um afnám allrar mismununar
gagnvart konum
sem samþykkt var í New York
22. desember 1995.

AMENDMENT

to the Convention on the Elimination
of All Forms
of Discrimination against Women
adopted at New York on 22 December 1995

Í stað 1. mgr. 20. gr. komi:

„Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir árlega til athugunar á skýrslum þeim sem lagðar eru fyrir samkvæmt 18. gr. samnings þessa. Fundartími nefndarinnar skal ákveðinn á fundi aðildarríkja samnings þessa að fengnu samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.“

Replace article 20.1 with the following text:

“The Committee shall normally meet annually in order to consider the reports submitted in accordance with article 18 of the present Convention. The duration of the meetings of the Committee shall be determined by a meeting of the States parties to the present Convention, subject to the approval of the General Assembly.”